

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Vesturbyggð.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi iðnaðar- og hesthúsasvæðis á Bíldudal.

Heimastjórn Arnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 14. janúar 2026 breytingu deiliskipulagi iðnaðar- og hesthúsasvæðis á Bíldudal. Breytingin fjallar um stækkun á byggingarreit innan lóðar Járnhóls 13. Tillagan var undanþegin grenndarkynningu, sbr. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, enda varðar breytingin ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins sem landeiganda og lóðarumsækjanda.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Patreksfirði, 19. janúar 2026.

Óskar Örn Gunnarsson skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 2. febrúar 2026